

94.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn 6.september að heimili formanns kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson og Páll Árdal. Einar Gauti Helgason fjarverandi.

1. Sumarið

Nefndin ræðir saman um hvernig hverfið kom undan sumri. Hefðum viljað hafa fleiri bekkir í görðum hverfisins og að grillið hefði komist á sinn stað á þeim tíma. Nefndarmenn fóru víða um hverfið sitt yfir sumartímann og fannst það bara koma vel út, svona almennt.

2. Undirgöng

Í hverfinu eru tvö undirgöng. Undirgöngin við Einholtið/Langholtið er gjarnan notað sem bílvegur og okkur þætti vænt um ef Vegagerðin gæti gert einhvers konar úttekt á göngunum til að koma í veg fyrir að það gerist. Undirgöngin hjá Háskólanum og Glerárbrúnni mætti alveg mála upp á nýtt og/eða leyfa gröffurum að gera eitthvað fallett þar í.

3. Tré sem liggja út á götuna

Eftir sumarið eru trén farin að skyggja svolítið á gangstéttir víða í hverfinu. Sérstaklega tók formaður eftir að hornið á Höfðahlíð/Skarðshlíð var orðið hættulegt gangangi umferð.

Viku eftir fundinn, var þetta horn einmitt grisjað. Gott mál.

4. Fundarstaður nefndarinnar

Þar sem Sigrún er farin úr nefndinni er enginn sem vinnur í Glerárskóla með okkur og höfum við því misst fundarstað okkar. Formaður bauð heim til sín í kaffi og ætlum við að velja staðsetningu hverju sinni.

5. Hlíðarból / Lokun leikskólans 2017

Upp kom lokunin hjá Hlíðarbóli og langar nefndina að vita hvort Hlíðarbólsvöllurinn komi til með að vera áfram í hverfinu og þá með hvaða hætti mun hann vera opin.

6. Samfundur hverfisnefnda

Á fundi 3.ágúst með öllum hverfisnefndum og Dagný sem kallaður var til vegna Akureyrarvöku kom upp sú hugmynd að hverfisnefndirnar myndu hittast einu sinni yfir veturinn og tók formaður Hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis að sér að kalla alla til.

7. Umhverfisfé

Í umræðunni um hvernig staðan væri á umhverfisfé því sem Akureyrarbær veitir þetta árið 1,5 millj. Kom upp sú hugmynd að kaupa hjólaviðgerðarstað og setja upp hjólgerðarstað hjá Glerárskóla. Þetta er viðgerðarstöð fyrir hjól sem allir krakkar geta nýtt sér vegna sinna hjóla. Helgi ætlar að taka að sér að kanna þetta.

Margt rætt og kaffið drukkið og boðað til næsta fundar, fyrsta þriðjudag október mánaðar.

Ritari var Berglind Rafnsdóttir